

## AUGLÝSING

### um umferð í Keflavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 48 frá 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Klapparstígur frá Vallargötu að Kirkjuvegi verður lokaður allri bifreiðaumferð um óákveðinn tíma þar til öðruvisi verður ákveðið.

*Bæjarfógetinn í Keflavík, 29. maí 1974.*

**Alfreð Gíslason.**

## REGLUGERÐ

### um holræsi og holræsagjöld í Stykkishólmi.

#### 1. gr.

Hreppsnefnd Stykkishólms hefur ein heimild til að leggja holræsi í Stykkishólmi, nema sérstaklega sé samið um aðra tilhögun.

#### 2. gr.

Þar sem hreppsnefnd hefur látið leggja holræsi í götu, er hverjum húseiganda, sem lóð á þar að eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skólp frá því í aðalæð. Sé um óeðlilega vegalengd að ræða ber sveitarsjóði að greiða kostnað frá lóðarmörkum.

#### 3. gr.

Hreppsnefnd ræður menn, sem teljast skulu hæfir til að leggja og ganga frá holræsum.

Engum er heimilt að leggja ræsi í aðalræsið, nema að fengnu leyfi ofangreindra aðila, og er húseigendum skylt að hlíta fyrirmælum þeirra um gerð og legu ræsis og annað það, er máli skiptir í sambandi við það.

#### 4. gr.

Kostnaður við holræsagerð hreppsins greiðist úr sveitarsjóði. Til þess að standa straum af kostnaði skal hver húseigandi greiða sveitarsjóði tengigjald, er hann tengir hús sitt við holræsakerfi hreppsins. Tengigjald þetta skal vera kr. 5 000.00 fyrir hverja íbúð í húsi. Fyrir atvinnuhúsnæði skal tengigjaldið vera kr. 12.00 á hvern rúmmetra. Húseigandi getur eigi krafist tengingar við holræsakerfið, fyrr en tengigjaldið er greitt eða um það hefur verið samið. Þá skal og hver húseigandi greiða árlegt holræsagjald í sveitarsjóð, er nemi 0.1% af fasteignamatsverði húss og lóðar, þó aldrei lægra en kr. 500.00. Holræsagjöldin skal reikna í heilum krónum.

Gjöld samkvæmt grein þessari er hreppsnefnd heimilt að hækka eða lækka um allt að 50 af hundraði, án þess að samþykki ráðuneytis komi til.

#### 5. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu holræsagjalds. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með lögveðsrétti í lóð og mannvirkjum lóðarhafa á henni næstu 2 ár eftir